

vegna sinna fulltrúa. Skipulagsstjórn greiðir kostnað vegna síns fulltrúa og aðstoðar embættisins við vinnuna.

7. gr.

Með samþykki skipulagsstjórnar getur samvinnunefndin ráðið sér starfsmann til aðstoðar. Greiðast laun og annar kostnaður við störf hans að hálfu af skipulagsstjórn og að hálfu af viðkomandi sveitarstjórnnum. Ef ekki næst samkomulag sker umhverfisráðherra úr að fengnum tillögum skipulagsstjórnar.

8. gr.

Stefnt skal að því að samvinnunefndin ljúki störfum fyrir 1. apríl 1997. Ef nefndin óskar og gildir ástæður þykja til getur ráðherra framlengt starfstímabil nefndarinnar þó ekki lengur en eitt ár í senn.

9. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 5. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr.19/1964, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt falla úr gildi reglur sem félagsmálaráðuneyti setti nefndinni 24. október 1989.

Umhverfisráðuneytið, 22. ágúst 1995.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 625/1994.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 62. gr. B samþykktarinnar:

- a. 15. tölul. fellur brott.
- b. 16.-25. tölul. verða 15.-24. tölul.
- c. Nýr 25. tölul. hljóði svo:

Þrjá menn í *rafveitunefnd* og þrjá til vara skv. orkulögum nr. 58/1967 og reglugerð um Rafveitu Hafnarfjarðar.

Samþykkt þessi er gerð af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 15. ágúst 1995.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

Endurprentað blað.